

Kiwanis

Skýrsla K-dagsnefndar



Lykill að lífi



Skýrsla formanns til 2. fundar umdæmisstjórnar Kiwanis laugardaginn 26. nóvember

Umdæmisstjóri og góðir embættismenn, í skýrslu minni fer ég yfir helstu mál í stöðu mála í framhaldi af umdæmisþinginu á Höfn.

1. Styrk afhendingar
2. Staða reiknings söfnunarinnar kr. 24.171.824 – 22.500.000 = 1.671.824
3. Veitt var heimild til Skáta á austurlandi til að selja til áramóta.
4. Stjórn K-dagsnefndar mun leggja til að hækka styrki eða að koma með tillögu um önnur verkefni.
5. Stefnt að lokauppgjöri upp úr miðjum janúar.



Styrkir Landssöfnunar Kiwanishreyfingarinnar Lykill að lífi voru afhentir til BUGL og MFB í Ráðhúsinu á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október sl. á myndinni eru Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Ragnar Örn Pétursson umdæmisstjóri Kiwanisumdæmisins, Óskar Guðjónsson fráfarandi umdæmisstjóri nefndarmenn K-dags og fulltrúar styrkþega sem halda á ávisunum.

Ávarp Gylfa Ingvarssonar formanns K- dagsins við afhendinguna 10. okt.

Heiðraða samkoma, velferðarráðherra Guðbjartur Hannesson, umdæmisstjóri Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar, Ragnar Örn Pétursson og góðir styrkþegar.

Það er okkur Kiwanisfélögum mikil ánægja að vera hér með ykkur í tilefni „Alþjóða geðheilbrigðisdagsins. Það eru nú 40 ár síðan Kiwanishreyfingin hóf landssöfn til styrktar geðheilbrigðismálum með sölu K-lykilsins sem fer fram á 3ja ára fresti og er söfnunin nú í ár sú 13.

Það var Eyjólfur Sigurðsson Kiwanisfélagi og fyrrum heimsforseti KI sem kom með hugmyndina sem þróaðist í landsverkefni Kiwanis með landssöfnun og ávallt unnir kjörorðinu „Gleymum ekki geðsjúkum“ Lykill að lífi, til styrktar geðverndarmálum nýtur mikillar velvildar meðal þjóðarinnar og hafa landsmenn tekið vel á móti sölufólki okkar í gegnum tíðina og gert okkur kleift að standa við markmið söfnunarinnar sem eru:

- ✓ Að safna fé til styrktar endurhæfingu geðsjúkra með sölu K-lykilsins til almennings og fyrirtækja.
- ✓ Að vekja almenning til vitundar um málefni geðsjúkra.
- ✓ Efla forvarnir með stuðningi við foreldra

Ég vil nota tækifærið til þess að þakka, forseta Íslands hr. Óafi Ragnari Grímssyni fyrir að vera verndari Landssöfnunarinnar í ár.

Kiwanis er alheimssamtök sjálfboðaliða er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna

- Einnig færi ég þeim fyrirtækjum sem voru okkar helstu bakjarlar, Actavis, BYKO, Landsbankinn, N1, Alcoa, Norðurál og Rio Tinto Alcan, fyrir þeirra góða stuðning.
- Margmiðlun sem sá um kynningarmál með frábærum árangri.
- Kiwanisfélögum um allt land fyrir förnfúst sjálfbodastarf við söfnunina og
- **Síðast en ekki sýst, almenningi á Íslandi fyrir frábærar móttökur nú sem fyrr.**

Kiwanislykillinn í ár er nú í fyrsta sinn alvöru lykill sem kaupendur geta farið með m.a. í BYKO og fengið frían skurð um allt land einnig hjá Húsasmíðjunni víða um land og einnig einstökum aðilum sem klúbbar sömdu við, svo hann nýtist sem lykill að hurðinni heima.

En það var Hörður Baldvinsson stjórnaðmaður í K-dags nefndinni sem kom með þessa frábæru útfærslu, sem hefur vakið verðskuldaða athygli.

Til styrktarverkefna í ár fer kr. 22.500.000 sem skiptist þannig:

- **BUGL, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk m.a. á landsbyggðinni** **kr. 8.500.000**
- **Miðstöð foreldra og barna (MFB) sem skiptist í þrennt; foreldraeflingu, meðgönguhópar og tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a með sérhæfð úrræði við fæðingarpunglyndi.** **kr. 8.500.000**
- **Lautin á Akureyri, sem er: „Athvarf fyrir fólk með geðraskanir“** **kr. 5.500.000**

Það er einlæg ósk okkar að styrkur Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að lífi“ megi efla ykkar mikilvæga starf í þágu þess fólks sem þið standið fyrir

Höldum í heiðri einkunarorðum Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að lífi“

„Gleymum ekki geðsjúkum..!“

Landssöfnun „Lykill að lífi“ á vegum Kiwanis í Færeyjum og rennur söfnunin þar til styrktarverkefna þar og lýkur söfnunin í Færeyjum síðar á árinu.



Lautin á Akureyri fékk styrkinn afhentan á Svæðisráðstefni Óðinssvæðis á Akureyri 12. nóvember



Á svæðisráðsfundi Óðinssvæðis var stofnaður styrktarsjóður Lautarinnar og Kiwanis og hann undirritaður og verður úthlutað úr honum til sérstakra verkefna samkvæmt reglum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum Lautarinnar og fulltrúa Kiwanisklúbbanna á Akureyri.

Ragnar Örn Pétursson umdæmisstjóri Kiwanis, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir stjórnarmaður K-dagsnefndar og Sigurjón Pálsson svæðisstjóri Óðinssvæðis afhentu fulltrúum Lautarinnar styrkinn sem er að upphæð kr. 5.500.000, afhendingin fór fram í húsnæði Lautarinnar.

Kiwanis er alheimssamtök sjálfbodaliða er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna